

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1315
komudagur 14.3 2006



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Hornafirði, 17. mars 2006

Málefni: Umsögn vegna þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2006 -2009.

Meðfylgjandi er umsögn bæjrráðs Hornafjarðar vegna þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2006 -2009, 391. mál.

Virðingarfyllst,

Albert Eymundsson



Albert Eymundsson
bæjarstjóri Hornafjarðar

UMSÖGN

| | |
|---------------|--|
| til: | Lönaðarnefndar Alþingis |
| frá: | Bæjarráði Hornafjarðar |
| afrit: | Lönaðar- og viðskiptaráðherra, Byggðastofnun og þingmenn suðurlandskjördæmis. |
| efni: | Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2006-2009 |
| dags: | 8. mars 2006 |

Almennt um byggðaáætlun

Í huga bæjarráðs Hornafjarðar er Byggðaáætlun 2006-2009 er almenn stefnumörkun og er á þann hátt ágætur grunnur fyrir frekari aðgerðir í byggðamálum. Bæjarráð Hornafjarðar telur mikilvægt að unnið verði markviss áætlun um hvernig skuli ná þeim markmiðum sem sett eru fram. Bæjarráð Hornafjarðar sér marga snertifleti milli byggðaáætlunar 2006-2009 og áherslum bæjarráðs um eflingu byggðar í sveitarfélaginu Hornafirði.

Meginmarkið

a. Að landshlutakjarnar verði eflnir en hugað verðu sérstaklega að leiðum til þess að treysta búsetu í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun

Hornfirðingar gera ekki athugasemd við að byggðarlög séu efl. Höfn er þannig staðsett að um 250 km eru á Mið-Austurland. Ekki er því um að ræða að Hornfirðingar geti sótt vinnu né daglega þjónustu þangað. Hornfirðingar þurfa því að vera sjálfur sér nægir um flesta hluta. Það leiðir af sér að á Hornafirði hefur verið byggð upp öflug þjónusta á margvíslegum sviðum. Á Hornafirði hefur verið byggt upp öflugt menningar- og safnastarf, rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarstarf og öll grunnþjónusta er til staðar. Mikilvægt er að þær byggðir sem ekki geta ekki tengst byggðarkjörnum sem sérstaklega á að horfa til verði ekki útundan. Bæjarráð Hornafjarðar leggur því sérstaka áherslu á að hugað sé að stöðu þeirra landssvæði sem eru á jaðri áhrifasvæða þessara byggðakjarna.

b. Að byggðarlög nái að laga sig að örri samfélagsþróun og hröðum breytingum á atvinnuháttum.

Í tengslum við þennan þátt byggðaáætlunar vill Bæjarráð Hornafjarðar koma því á framfæri að með uppbyggingu Nýheima hafi skapast ákjósanlegar aðstæður til þess að treysta undirstöður atvinnulífs á Hornafirði til lengri tíma litið. Náðst hefur gott samstarf við ýmsa aðila um stofnun og rekstur Frumkvöðlaseturs Austurlands og um Háskólasetur á Hornafirði. Í kjölfarið hefur hefur rannsóknar, nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi á Hornafirði eflst til mikilla muna. Nú þegar – eftir þriggja ára starf – hafa Nýheimar lagt umtalsvert til atvinnulífs, menningar og menntunar í héraðinu.

Bæjarráð leggur því áherslu á í sambandi við þetta markmið byggðaáætlunar að Nýheimar verði efldir ennfrekar og þannig búið í haginn fyrir atvinnulífið til að takast á við örar og hraðar breytingar á atvinnuháttum.

c. Að atvinnulíf, menntun, menning og félagslegt jafnræði verði styrkt á landsbyggðinni.

Bæjarráð Hornafjarðar fagnar þessu markmið byggðaáætlunar. Samhliða uppbyggingu Nýheima hefur menningarstarf á Hornafirði verið eflt, t.d. með aukinn áherslu á safnastarfsemi, menningarviðburði, hátíðir auk þess sem gróskumikið grasrótastarf þrífst á ýmsum sviðum menningar og listar.

Almennt um byggðaaætlun

Í tengslum við tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2006-2009 vill bæjarráð sérstaklega taka eftirfarandi fram:

- Sveitarfélagið Hornafjörður hefur sýnt mikinn vilja til að taka að sér fjölbreytt verkefni á sviði velferðarmála af hendi ríkisins, fyrst sem reynslusveitarfélag og síðar í gegnum þjónustusamninga. Mikilvægt er að halda áfram tilfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga.
- Bæjarráð Hornafjarðar fagnar því að safnað verði saman tölfræðilegum upplýsingum um byggðamál.
- Eitt af markmiðum byggðaaætlunar er að styrka stoðkerfi atvinnuþróunar og nýsköpunar, efla rannsóknir og byggja upp þekkingarsetur á landsbyggðinni. Í sambandi við þetta vill bæjarráð enn og aftur undirstrika mikilvægi Nýheima fyrir framþróun byggðar á Hornafjarðar.
- Unnið hefur verið að því að styrkja hefðbundnar atvinnugreinar á Hornafirði, t.d. með því að þróa veiðar og vinnslu á lifandi humri, álaeldi og fullvinnslu matvæla.
- Sveitarfélagið Hornafjörður leggur ríka áherslu á mikilvægi markvissar uppbyggingar og aukinnar fjárveitingu til þjóðgarðsins í Skaftafelli. Uppbygging þjóðgarðsins er skilgreint sem eitt af helstu tækifærum ferðaþjónustunnar á svæðinu til enn frekari þróunar og sem mikilvægt aðdráttarafi fyrir ferðamenn.